

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál			
Málsnr.	UNU 10110004	Ábm.	EOH
Db.	021-10-1	Afgr.	
Mótt.	08.12.2012	Fskj.	
Aths.			



Úrskurðarnefnd um upplýsingamál
Forsætisráðuneytið
150 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2010

Efni: Athugasemdir vegna kæru Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar

Til Réttar hefur leitað Kristín Huld Sigurðardóttir fyrir hönd Fornleifavernd ríkisins, kt. 691001-2960 Suðurgötu 39,101 Reykjavík, vegna kæru Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar er lýtur að synjun um aðgang að ætlaðri skýrslu um viðgerðir og úrbætur á Stöng í Þjórsárdal.

Af hálfu umbj.m. er þess krafist að beiðni kæranda verði hafnað.

Með bréfi úrskurðarnefndar um upplýsingamál, 29. nóvember 2010 var umbj.m. veittur frestur til þess að gera athugasemdir við kæru þessa og koma fram frekari rökstuðningi. Jafnframt var þess óskað að úrskurðarnefndinni yrði innan sama frests látið í té í trúnaði afrit af þeim gögnum sem kæran lýtur að. Athugasemdum umbj.m. vegna kærunnar er gerð skil hér að neðan. Hvað varðar þá ósk úrskurðarnefndarinnar að henni verði í trúnaði látið í té afrit af gögnum þeim er kæran lýtur að, er því til að svara að ekki er til nein skýrsla „um viðgerðir og úrbætur á Stöng í Þjórsárdal“. Til að sýna hvers eðlis gögnin eru hefur umbj.m. þó ákveðið að afhenda nefndinni í trúnaði afrit af þeim vinnuskjölum sem tengjast útreikningum þeim er lágu að baki tiltekinni kostnaðartölu sem umbj.m. telur að mál þetta snúist um.

Gögnin sem um ræðir eru gróflega áætlaður kostnaður vegna allsherjar framkvæmda á svæðinu við Þjóðveldisbæinn að Stöng. Í þeim tilgangi einum að athuga viðhorf gesta á Stöng til opinberrar fjármögnunar vegna þeirrar uppbyggingar sem æskilegt væri að ætti sér stað á Stöng var sett fram kostnaðartala upp á 700 milljónir króna, sem kærandi virðist vilja fá rökstuðning fyrir. Slík tala var sett fram til þess að leggja grundvöll fyrir viðhorfsmælingu gesta á skatttöku og skyldi eingöngu skoðast í því ljósi. Hvergi verið getið um þessa upphæð annars staðar en í einfaldri viðhorfsskönnun sem lá frammi á bænum Stöng í um mánaða tímabil.

Af hálfu Fornleifaverndar ríkisins hefur ekki verið ákveðið að leggja neins staðar fram viðkomandi áætlun né hefur áætlun þessi verið notuð sem grundvöllur fyrir umsóknum eða ákvörðunum. Því er skjalið ekki hluti af stjórnýslu Fornleifaverndar og heyrir ekki undir gildissvið upplýsingalaga nr. 50/1996, sbr. 1. gr. þeirra laga. Ennfremur hefur umbj.m. útlistað fyrir kæranda, í tölvupósti 15.

nóvember síðastliðinn, að gögn þau sem um ræðir séu „vinnugögn“ í skilningi 3. tl. 4. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Á spurningalista þeim er kærandi vitnar ítrekað í, og sem lagður var fyrir gesti á Stöng í Þjórsárdal, segir í inngangi: „Nú standa yfir viðhorfskannanir á nokkrum minjastöðum, sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með“. Sá þáttur sem kærandi virðist hafa áhuga á tengist spurningu 19 í viðhorfskönnun þeirri er lögð var fram við Stöng. Í formála við spurninguna segir að það sé „mat Fornleifaverndar ríkisins að til þess að lagfæra minjarnar með tilheyrandi fornleifarannsókn, setja á staðinn góð upplýsingaskilti og byggja nýjan skála yfir minjarnar þurfi um 700 milljónir króna“. Ef umbj.m. minn skilur kröfu kæranda rétt fer hann fram á aðgang að skýrslu sem útlistar það hvernig ofangreind tala er fengin. Sem fyrr segir er slík skýrsla ekki til heldur byggir talan á vinnuskjölum þar sem lauslega er áætlaður mögulegur kostnaður vegna heildstæðra endurbóta á Stöng. Um er að ræða útreikninga á grundvelli skýrslu sem snýr einungis að einni rúst á svæðinu þar sem gert er ráð fyrir að viðgerð húss og fornleifauppgröftur kosti á að giska 137 milljónir króna. Sú tala laut einungis að litlum hluta þess heildarverkefnis sem vitnað var til í viðhorfskönnuninni þar sem talan 700 milljónir kom fram, en sem fyrr segir byggði hún á lauslegum og óformlegum útreikningum, sem lagðir eru fram í trúnaði með bréfi þessu.

Af athugasemdum með frumvarpi er varð að upplýsingalögum nr. 50/1996 má ráða að hugtakið „vinnuskjöl“ vísi fyrst og fremst til skjala sem liggja til grundvallar tiltekinni ákvörðun, lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Um þetta segir nánar í athugasemdum um 4. gr. laganna:

„Af þessu leiðir að einnig tekur það einhvern tíma að móta afstöðu stjórnvalds til fyrirbyggjandi máls og á því tímabili kunna ólík sjónarmið að hafa mismunandi vægi og breytast, t.d. ef fram koma ítarlegri upplýsingar um málsatvik. Gögn, sem til verða á þessum tíma, þurfa því ekki að endurspeglar réttilega að hvaða niðurstöðu er stefnt. Er því lagt til að farin verði sama leið og í stjórnsýslulögunum, og reyndar einnig í dönsku og norsku upplýsingalögunum, að vinnuskjöl stjórnvalds verði undanþegin upplýsingarétti.“
[áherslubreyting undirritaðs]

Af hálfu umbj. míns er lögð áhersla á þá staðreynd, að engin ákvörðun hefur verið tekin á grundvelli þeirra vinnugagna sem kærandi krefst aðgangs að. Sem fyrr segir var kostnaðartalan sem um ræðir einungis sett fram í þeim tilgangi að athuga viðhorf gesta á Stöng til opinberrar fjármögnunar vegna þeirrar uppbyggingar sem æskilegt væri að ætti sér stað á Stöng. Í athugasemdum með frumvarpi er varð að upplýsingalögum er sérstaklega tekið fram að við nánari skýringu á hvaða skjöl teljist vinnuskjöl verði „að líta sérstaklega til þess hvort upplýsingarnar snerta atriði sem kunna að breytast eða hafa breyst við nánari skoðun eða umfjöllun“. Sem fyrr segir geyma umrædd vinnuskjöl einungis lauslega útreikninga og munu án efa breytast við nánari skoðun og umfjöllun.

Kærandi byggir heimild sína til aðgangs að gögnunum á því að um sé að ræða „upplýsingar sem verður ekki aflað annars staðar“. Í athugasemdum þeim sem fyrr var vikið að kemur fram að með orðalagi 3. tl. 1. mgr. 4. gr. sem kveður á um að vinnuskjöl skuli afhenda ef þeim verði ekki aflað annarstaðar frá, sé einkum sé átt við upplýsingar:

„um staðreyndir máls sem af einhverjum ástæðum er ekki að finna annars staðar en kunna að hafa vegið þungt við ákvörðunartöku. Rökin að baki þessari reglu eru einkum þau að


slíkar upplýsingar geti verið **ómissandi til skýringar á ákvörðun** og af þeim orsökum sé ekki rétt að undanþiggja þær aðgangi almennings enda þótt þær sé aðeins að finna í vinnuskjölum. [áherslubreyting undirritaðs]

Hér skal ítrekað að umrædd skjöl varða ekki staðreyndir máls heldur var sú kostnaðartala er um ræðir sett fram sem lauslegt mat, og tilgreind sem slík. Þar sem engin ákvörðun hefur verið tekin á grundvelli umræddra útreikninga hafa þeir hvergi vegið þungt. Fjárhæð þessi hefur hvergi birst nema í umræddri viðhorfskönnun þar sem hún var nefnd í framhjáhlupi til að kanna afstöðu til skattlagningar. Umbj.m. leggur áherslu á að ekki er til nein formleg skýrsla sem hægt væri að veita kæranda aðgang að.

Í ljósi alls ofangreinds verður ekki séð að upplýsingalög nr. 50/1996 heimili að veittur verði aðgangur að þeim vinnugögnum sem liggja til grundvallar bráðabirgðarmati Fornleifastofnunar Íslands á mögulegum kostnaði við heildstæðar endurbætur á þjóðveldisbænum að Stöng.

Virðingarfyllst,

Arnar Þór Jónsson hdl.



Fylgigögn í trúnaði:

1. Vinnuskjöl frá umbj.m. sem innihalda þá útreikningar sem liggja m.a. að baki kostnaðartölu sem var framsett í viðhorfskönnun Fornleifastofnunar Íslands.

ÚRSKURÐARNEFND UM UPPLÝSINGAMÁL

Forsætisráðuneytið 150 Reykjavík

bréfasími: 562 4014

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
Jelsbuen 1
2620 Albertslund
DANMARK

Reykjavík 14. desember 2010

Tilv.: ÚNU10110004/021-10-1

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur borist meðfylgjandi umsögn Fornleifaverndar ríkisins vegna kæru yðar dags. 15. nóvember sl. Ef þér viljið koma á framfæri frekari athugasemdum vegna kæru yðar í ljósi umsagnarinnar er vinsamlegast óskað eftir því að þær berist nefndinni ekki síðar en **þriðjudaginn 28. desember** næstkomandi.

Fyrir hönd formanns


Elin Ósk Helgadóttir

Fylgiskj.: Bréf Fornleifaverndar ríkisins dags. 7. desember sl.